

Stjórnarfundur TSÍ þann 21.09 2009 kl 17:00 – 18:00

Mætt voru Gunnar, Hafsteinn, Ingólfur, Rakel og Skjöldur

1. Landsliðæfingar o.fl.

Landsliðsnefnd sagði frá því að byrjaðar væru landsliðsæfingar fyrir kvenna-, karla- og unglíngalandsliðin. Anna og Carola hefðu verið ráðnar sem þjálfarar fyrir kvennalandsliðið og unglíngalandslið kvenna. Andri var ráðinn þjálfari fyrir unglíngalandslið karla. Enginn þjálfari var ráðinn fyrir karlalandsliðið til að reyna að spara pening. Á mánudagskvöldum kl 20:30 – 21:30 er æfing fyrir kvennalandsliðið annan hvorn mánudag og unglíngalandslið kvenna hinn mánudaginn. Á miðvikudagskvöldum kl 21:30 – 22:30 er æfing án þjálfara, aðallega hugsuð fyrir karlalandsliðið þó Söndru Dís hafi verið boðið að koma og e.t.v. verður öðrum boðið að mæta á þessum tíma ef að völlum verður illa nýttur. Á sunnudögum frá 14:50 – 16:30 er æfing fyrir unglíngalandslið karla og karlalandsliðið til skiptis. Landsliðsnefnd lagði fram greiðsluáætlun fyrir velli og laun þjálfara og það um aukaframlag upp á 40.000 kr þar sem 200.000 kr sem búið var að veita í nefndina nægði ekki fyrir vallar- og þjálfarakostnaði. Það var samþykkt og yrði það þá tekið frá skrifstofukostnaði þó með þeim fyrirvara að landsliðsnefnd væri búin að taka þá þessar 40.000 kr út fyrirfram fyrir næsta ár.

Ákveðið var að þegar búið væri að velja í öll þessi landslið yrði leikmönnum formlega boðið að koma og hitta stjórn TSÍ formlega þar sem yrði tekin mynd af landsliðunum. Landsliðsnefnd mun boða á þennan fund. Stefnt er að því að þessi fundur fari fram innan tveggja vikna.

Ingólfur sagði frá því að tekjur TSÍ væru minni en væri í fjárhagsáætlun þar sem einungis ca 75.000 kr væri að koma inn mánaðarlega fyrir lottó en ekki ca 92.000 kr sem hafði verið gert ráð fyrir upphaflega.

2. Árshátíð TSÍ

Skjöldur hafði fengið tilboð í matseðil frá Café easy sem er í salarkynnum ÍSÍ. Verð á mat með gos er kr.3.200 per. mann. Dúkar á borðum og þjónusta innifalin. Skjöldur ætlaði að athuga hvort hægt væri að hafa árshátíðina 31. október næstkomandi á þessum stað. Gert hefur verið ráð fyrir því að 50.000 kr fari í árshátíð TSÍ og var samþykkt að hver miði yrði niðurgreiddur um 500 kr af TSÍ þannig að miðnn myndi kosta 2700 kr. Sá peningur sem yrði eftir af þeim gæti Víkingur (sem ætlar að halda árshátíðina) ráðstafað til að gera árshátíðina íburðarmeiri, t.d. í verðlaun. Þessi peningur er ekki hugsaður í laun til að skipuleggja árshátíðina.

Rætt var um að hafa aldurstakmark á árshátíðinni þar sem áfengi verður á boðstólnum. Þó vildu sumir ekki hafa aldurstakmark til að fá hugsanlega fleiri á árshátíðina meðan aðrir töluðu um að hafa aldurstakmark við ca 15-16 ára.

Talað var um að veita viðurkenningar á árshátíðinni fyrir efnilegasta tennisspilara ársins, tennismann og tenniskonu ársins og svo hugsanlega heiðursmerki TSÍ. Þá að það yrði kosið um það á næsta stjórnarfundum en til þess þyrftu stjórnarmenn að fá e-r upplýsingar um hugsanlega kandidata fyrir þessar viðurkenningar. Gunnar ætlaði að tala við Raj um að að fá þessar upplýsingar og Hafsteinn ætlaði að tala við Jónas þar sem hann er formaður þjálfaranefndar. Þá væri hægt að leggja þessar upplýsingar fyrir næsta fund þannig að stjórnarmenn gætu tekið upplýsta ákvörðun.

3. Reglur

Rakel hefur tekið að sér að semja reglur fyrir 7 verkþætti sem Hafsteinn hafði upphaflega tekið að sér en gat ekki sinnt sökum annarar vinnu. Farið var lauslega yfir þrjár reglur sem Rakel hafði samið varðandi heiðursviðurkenningar TSÍ, kjör á tennismanni og tenniskonu ársins svo og efnilegasti tennispilari ársins. Athugasemdir voru gerðar við heiðursviðurkenningar TSÍ þ.e. að hafa tvenns konar viðurkenningar Heiðursmerki og Afreksmerki. Rakel mun svo lagfæra athugasemdir sem komu á fundinum og senda stjórn fyrir næsta fund. Stefnt er að því að hægt verði að afgreiða þessar þrjár reglur á næsta fundi. Rakel nefndi að það væri mjög gott að a.m.k. afgreiða þessar þrjár reglur fyrir árshátíð TSÍ þar sem verða e.t.v. veittar e-r viðurkenningar er snerta þessar reglur.

4. Önnur mál

Skjöldur talaði um að það væri löngu tímabært að TSÍ myndi splæsa í TSÍ pinna. Mikið hefur verið kvartað yfir því að TSÍ eigi enga pinna bæði héraðs sem erlendis. Þar sem lítill peningur er eftir af þessu ári var ákveðið að þetta myndi þá koma inn í fjárhagsáætlun næsta árs.

Kveðja,
Rakel Pétursdóttir ritari TSÍ